



HÁSKÓLI ÍSLANDS

 Siðfræðistofnun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.


Umsögn: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining með heildstæðu mati).

Siðfræðistofnun fagnar allri viðleitni stjórnvalda til að bæta móttöku flóttafólks og hælisleitenda með tilliti til sjónarmiða mannúðar og mannlegrar reisnar. Vitað er að líkamsskoðanir í tengslum við aldursgreiningar eru íþyngjandi og vega að virðingu þeirra einstaklinga sem um ræðir en það eru í mörgum tilfellum börn. Einnig er ljóst að samþykki þeirra fyrir því að undirgangast slíkar skoðanir er umdeilanlegt vegna þeirrar veiku stöðu sem flóttafólk og hælisleitendur eru í.

Siðfræðistofnun styður því þær tillögur að lagabreytingum sem hér um ræðir og undirstrikar mikilvægi þess að slíkum rannsóknum sé ekki beitt nema í undantekningartilvikum.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,



Páll Rafnar Þorsteinsson,
Verkefnisstjóri